

Jöfnunarsjóður alþjónustu
10 513

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Jöfnunarsjóður alþjónustu
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Póst- og fjarskiptastofnunar
kt. 570397-2499
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jöfnunarsjóður alþjónustu er ríkisaðili í A-hluta sem er í umsjón Póst- og fjarskiptastofnunar. Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar skyldur til að veita alþjónustu geta sótt um endurgreiðslur úr Jöfnunarsjóði. Til að standa straum af endurgjaldi til þeirra er innheimt jöfnunargjald af fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða -þjónustu.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 50,8 milljónir og afkoma kr. -9,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 9,0 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri og forstöðumaður rekstrardeildar staðfestir hér með ársreikning Jöfnunarsjóðs alþjónustu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hrafnkell V. Gíslason,
Forstjóri

Hrefna Ingólfssdóttir,
Sviðsstjóri rekstrar

(undirritað rafrænt)

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>50.800.000</u>	<u>54.700.000</u>
Tekjur samtals		50.800.000	54.700.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	<u>59.800.000</u>	<u>45.700.000</u>
Gjöld samtals		59.800.000	45.700.000
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(9.000.000)	9.000.000
Afkoma ársins		<u><u>(9.000.000)</u></u>	<u><u>9.000.000</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	<u>9.000.000</u>	<u>9.000.000</u>
Veltufjármunir samtals		<u>9.000.000</u>	<u>9.000.000</u>
Eignir samtals		<u>9.000.000</u>	<u>9.000.000</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		<u>0</u>	<u>9.000.000</u>
Eigið fé samtals		<u>0</u>	<u>9.000.000</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		<u>9.000.000</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		<u>9.000.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>9.000.000</u>	<u>9.000.000</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(9.000.000)	9.000.000
		(9.000.000)	9.000.000
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		0	(62.392)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		9.000.000	(8.937.608)
		9.000.000	(9.000.000)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við gerð reikningsskilanna.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	50.800.000	54.700.000
	<u>50.800.000</u>	<u>54.700.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	50.800.000	0	50.800.000
Fjárveiting til tekna	0	50.800.000	0	50.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	0	(59.800.000)	0	(59.800.000)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	0	(9.000.000)	0	(9.000.000)

	2020	2019
3 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	59.800.000	45.700.000
	<u>59.800.000</u>	<u>45.700.000</u>

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	9.000.000	9.000.000
	<u>9.000.000</u>	<u>9.000.000</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	9.000.000	0
Afkoma ársins	(9.000.000)	9.000.000
Jöfnuður 31.12.	<u>0</u>	<u>9.000.000</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert neina skuldbindandi samninga 31.12.2020.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.